

Umsögn um rammaskipulag auglýst í október 2023

Umsögnin er send af ábúanda og landeigendum að Grund á Jökuldal.

Á árinu 2021 áttu landeigendur að Grund og Klausturseli samstarf um öryggisúttekt og landslagshönnun við Stuðlagil. Framkvæmd var ítarleg öryggisúttekt í og við gilið af Eflu og mannvirki hönnuð m.t.t landslags í og við gilið og út frá öryggisúttekt. Frá haustmánuðum 2021 hafa sömu landeigendur og landeigendur að Hákonarstaðabæjum og fyrri eigandi að gistihúsinu í gamla heimavistarskólanum á Skjöldólfsstöðum unnið í samstarfi við Austurbrú og Sveitarfélagið að rammaskipulagi. Samstarfssamningur um rammaskipulagið var undirritaður og fengu landeigendur auk eigandi gistihússins að Skjöldólfsstöðum 500 þúsund króna greiðslu hvert fyrir sig fyrir þátttöku í samstarfinu. Á þessu tímabili sem stóð yfir í 1,5 ár var unnið í miklu samráði milli aðila. Allir aðilar voru reglulega upplýstir. Fjöldi funda haldir og gögn send til allra aðila þar sem farið er yfir stöðu mála. Nokkrar heimsóknir voru til landeigenda frá aðilum Austurbrúar eða sveitarfélagsins. Þessi víðtæka samráðsvinna við skipulagsferlið og hönnun mannvirkja og landslags er litið til frá öðrum stöðum á landinu og ráðuneyti ferðamála og þykir til fyrirmyndar og eftirbreytni.

Stuðlagil er nú fjölmennasti ferðamannastaður Austurlands en á árinu 2023 má reikna með yfir 200.000 gestum og spár ganga út á 500.000 gestafjölda innan fárra missera. Uppbygging innviða tekur mið af öryggisþáttum, vernd náttúru og flæði gesta. Öryggisúttekt sem framkvæmd var af Eflu sýnir glögg að afar mikilvægt er að uppbygging öryggismannvirkja í gílinu verði framkvæmd, þar sem veruleg hættu er á alvarlegum slysum. Landslagshönnun, hönnun mannvirkja og flæði ferðamanna á svæðinu er lykilatriði til að hægt sé að taka á móti þessum fjölda ferðamanna og vera staðnum til sóma inn í komandi framtíð. Þó svo að hönnuð mannvirki sbr. hönnunarviðmið rammaskipulags kosti meira en einhverju sem hent er niður þá hefur Framkvæmdasjóður ferðamannastaða staðið sterkt á bak við uppbyggingu og mun gera áfram svo framarlega að faglega sé staðið að uppbyggingu þar sem hönnun mannvirkja og landslags er lagt til grundvallar. Ímynd áfangastaðarins er í húfi. Landeigendur eða sveitarfélagið eiga geta framkvæmt þá uppbyggingu, sem nú hefur kostað mörg ár í vinnu og háar fjárhæðir, með aðkomu opinberra sjóða s.s. Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Samstarfssamningur sem allir á áhrifasvæði Stuðlagils skrifuðu undir, auk ferðaþjónustunnar í Skjöldólfsstaðaskóla, fjallar um að svæðið við Stuðlagil sé skipulagt og byggt upp sem ein heild og að ekki sé mismunandi aðferðarfræði, uppbygging og útlit milli landeigenda á innviðum við gilið. Allir landeigendur á áhrifasvæði Stuðlagils geta haft verulegar tekjur af starfsemi sem þeir kjósa byggja upp. Það er þekkt á Suðurlandi á áhrifasvæði Geysis og Gullfoss þar sem yfir 1 milljón ferðamanna koma, það er sama hvað er byggt upp í ca 40 km radíus að gisting, veitingasala eða afþreying, allt selst alltaf upp. Því þurfa einstaka landeigendur á áhrifasvæðis Stuðlagils ekki hafa nokkrar áhyggjur af því að ef byggð er upp t.d. veitingasala á einum stað eða einhver þjónusta seld að einn landeigandi taki viðskipti frá hinum, öðru nær það styrkir viðskipti allra á áhrifasvæðinu sbr. sem hefur sannreynst á Suðurlandi. Ferðafólk stoppar lengur og eyðir meiru ef sala á þjónustu eða afþreyingu er til staðar á öllum stöðum á áhrifasvæði Stuðlagils. Mikilvægt er að allir landeigendur á áhrifasvæði Stuðlagils setji metnað í uppbyggingu á þjónustu við ferðamenn enda mun hver uppbygging styðja hvert annað. Einnig er rétt að nefna að markviss dreifing ferðamanna um svæðið er lykillinn að hægt sé að taka við fleira fólki á svæðinu. Einnig er vert að nefna að metnaðarfull uppbygging mannvirkja og þjónustu á svæðinu er lykillinn að því að fleiri gestir sæki svæðið og fleiri gestir fari ánægðir frá svæðinu og fleiri gestir skilji eftir sig tekjur inn á svæðinu. Tekjumöguleikar landeigenda í Klausturseli munu ekki skerðast þó að í hugsanlegri langri framtíð verði uppbygging brúa og göngustíga framkvæmd og áhrifasvæðið stækkað t.d. upp Eyvindarárgil því koma 500.000 gesta er slík stærðargráða að tekjumöguleikar landeigenda munu velta á metnaðarfullri uppbyggingu á þjónustu. Landeigendur að Grund leggja áherslu á aðkomu

sérfræðinga s.s. arkitekta, landslagsarkitekta, hönnuði og verkfræðistofa við að leggja grunn að uppbyggingu á mannvirkjum og þjónustu.

Rammahluti aðskipulags á eins viðkvæmum og vinsælum stað og Stuðlagil er, er metnaðarfull útfærsla á uppbyggingu og mikilvægt að leggja ítarlegar línur um uppbyggingu svo fjölmennasti ferðamannastaður Austurlands og einn af vinsælustu ferðamannastöðum landsins verði aðdráttarafi sem land og þjóð verði stolt af og þó sérstaklega landeigendur við gilið. Því er afar mikilvægt að sveitarfélagið samþykki núverandi útfærslu rammaskipulags, enda með slíku skipulagi er búið að tryggja fjármögnun á uppbyggingu.

Stígakerfi svæðisins samanstanda af; aðalstígar, útivistarstígar og tengistígar. Aðalstígar eru allt að 3 m breiðir og eru háðir hönnunarviðmiðum rammaskipulags, um aðalstíga er almenn umferð bönnuð en heimilt vegna neyðarbíla og viðhalds. Útivistarstígar liggja í lítt röskuðu landi og náttúrulegu umhverfi. Þessum stígum er ætlað að styðja við fjölbreytta útivistarmöguleika og auka aðgengi gangandi að náttúru svæðisins. Tengistígar eru öryggis- og upplifunarstígar á svæðum sem nauðsynlegt er að sýna aðgát vegna fall- eða hrunhættu. Bæði útivistar- og tengistígar eru hugsaðar sem rúmlega 1 meter breiðar og eingöngu ætlaðar gangandi fólki. Mikilvægt er að halda sig við þessar skilgreiningar í ramma- og deiliskipulögum enda mikil hugsun á bak við þessa hönnun.

Aðstöðuhús við Eyvindará hefur ekki verið fjallað um í skipulagsferlinu og þarf því að koma inn til umfjöllunar.

Ákvörðun um að auglýsa rammaskipulag að nýju vegna efnistöku í einni námu í Klausturseli hefur skotið skökku við en staðan er sú að hátt í tíu efnistökusvæði eru nú þegar frá Klausturseli að Eyvindará, stór opin efnistökusvæði á upplifunarsvæði ferðamanna sem er gífurlegt lýti í landslagi. Sveitarfélagið verður gera skýlausa kröfu á landeigendur að ganga frá slíkum svæðum.

Sú vinna sem birtist í rammaskipulaginu er metnaðarfull vinna og útfærsla á áfangastaðnum þar sem sjónarmið eru eftirfarandi:

- Bæta öryggi við Stuðlagil með handriðum, pöllum, stígum.
- Náttúruvernd, þar sem verið er að leggja stíga og beina fólki inn á uppbyggða stíga og palla og stýra flæði.
- Heildstæð ásýnd áfangastaðarins með samstæðri hönnun og ásýnd.
- Áfangastaður sem getur byggst upp ásamt ferðaþjónustu, gistingu, veitingasölu og afþreyingu.

Að öðru leiti er vísað til fyrri umsagnar sem sent var Múlaþings í maí 2023 vegna fyrri auglýsinga.

Grund 30. nóvember 2023

Kolbrún Sigurðardóttir

Stefanía K. Karlsdóttir

Jakob Karlsson

Grétar U. Karlsson